AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf nr. 377/2002.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Gjald fyrir opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnatöku og skoðanir dýralækna skal vera sem hér segir:

Tímagjald kr. 5.000.

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 6.500.

Akstursgjald skal vera hið sama og ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi eftirlitsflokkum verði bætti við núverandi viðauka A með gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf:

603	Innflutningseftirlit með gæludýrum	19.684 kr.
604	Innflutningseftirlit með hundasæði	10.840 kr.
605	Svínabú, < 200 sláturgrísir	18.498 kr.
606	Svínabú, > 200 sláturgrísir	28.497 kr.

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2003.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

17. júlí 2003 Nr. 565

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

	kr.
Kettir	2.800
Hundar að 20 kg þyngd	2.850
Hundar 20 kg þyngd og yfir	2.900

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 763/2002.